



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **NÝ HEIÐURSVIÐURKENNING TIL ÞÝÐENDA ÍSLENSKRA BÓKMENNTA AFHENT Á BESSASTÖÐUM Í DAG**

Forseti Íslands mun í dag, fimmtudaginn 10. september 2015 kl. 17:00, afhenda við hátíðlega athöfn á Bessastöðum nýja heiðursviðurkenningu til þýðenda íslenskra bókmennta. Viðurkenningin hefur hlotið nafnið Orðstír en að henni standa, auk embættis forseta Íslands, Miðstöð íslenskra bókmennta, Bandalag þýðenda og túlka, Íslandsstofa og Bókmenntahátíð í Reykjavík. Meðal gesta við athöfnina verður fjöldi erlendra og innlendra rithöfunda sem taka þátt í Bókmenntahátíð í Reykjavík sem sett var í Norræna húsinu í gær.

Heiðursviðurkenningin Orðstír verður veitt annað hvert ár, einum eða tveimur einstaklingum sem hafa þýtt verk úr íslensku á annað mál með vönduðum hætti og með þeim árangri að aukið hafi hróður íslenskrar menningar á erlendum vettvangi. Hluti af viðurkenningunni er veglegur dvalarstyrkur sem er ætlað að auðvelda þýðendum að styrkja tengslin við íslenska menningu.

Þau sem fyrst taka við þessari nýju heiðursviðurkenningu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag eru Erik Skyum-Nielsen, sem undanfarin 40 ár hefur verið ötull og áhrifaríkur sendiherra íslenskra bókmennta í Danmörku, og Catherine Eyjólfsson sem átt hefur ríka hlutdeild í að auka hróður íslenskra bókmennta í Frakklandi.

Erik Skyum-Nielsen hefur þýtt tugi íslenskra verka á dönsku, þar á meðal fornsögur og eddukvæði en einnig ljóð, skáldsögur og leikrit eftir

samtímahöfunda, m.a. Svövu Jakobsdóttur, Einar Má Guðmundsson, Thor Vilhjálmsen, Stefán Hörð Grímsson, Birgi Sigurðsson, Fríðu Á. Sigurðardóttur, Gyrði Elíasson og Gerði Kristnýju. Samhliða hefur Erik fjallað um íslenskar bókmenntir í ræðu og riti við margvísleg tækifæri.

Catherine Eyjólfsson hefur einnig þýtt tugi íslenskra verka, skáldsögur og ljóð á frönsku og meðal þeirra eru verk eftir mörg íslensk skáld, svo sem Auði Övu Ólafsdóttur, Einar Má Guðmundsson, Guðberg Bergsson, Guðrúnu Evu Mínervudóttur, Gyrði Elíasson, Ingibjörgu Haraldsdóttur, Lindu Vilhjálmsdóttur, Pétur Gunnarsson, Sigurbjörgu Þrastardóttur, Sjón, Steinunni Sigurðardóttur og Svövu Jakobsdóttur. Sum þessara verka hafa verið tilnefnd til virtra verðlauna, nú síðast þýðing Catherine á Svári við bréfi frá Helgu eftir Bergsvein Birgisson sem tilnefnd er til verðlauna sem háskólinn í Lille veitir höfundi og þýðanda í sameiningu.

Í stjórn verðlaunanna sitja Jón Karl Helgason, sem jafnframt er formaður, Kristjana Rós Guðjohnsen, Magnea Matthíasdóttir, Stella Soffía Jóhannesdóttir og Örnólfur Thorsson.

*Fulltrúum fjölmiðla er boðið að vera viðstaddir athöfnina og þar mun gefast tækifæri til að taka viðtöl við verðlaunahafa og aðra gesti úr hópi rithöfunda.*

*10. september 2015*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*